

Bækur

KOLBRÚN BERGÞÓRSÐÓTTIR
kolbrun@mbl.is

BÓK VIKUNNAR Hin sérlega vel skrifaða og vandlega unna skáldsaga *Kantata* eftir Kristínu Marju Baldursdóttur er komin í kilju.



Orðanna hljóðan



Pórarinn Eldjárn fékk IBBY-verðlaunin sem Vigdís Finnbogadóttir afhenti.

ORÐ OG TÖFRAR

Fyrir ansi mörgum árum kenndi ég börnum á aldrinum sex til sjö ára. Stundum las ég fyrir þau, eins og kennarar eiga að gera, og mjög oft rimuð kvæði **Pórarins Eldjárns** fyrir börn. Mér varð snemma ljóst að þetta var gott val því börnin hlustuðu af miklum áhuga. Sjálfri fannst mér kvæðin svo skemmtileg að stundum réð ég ekki við mig heldur truflaði eigin lestur með því að segja skyndilega: „Mikið er þetta nú sniðugt!“

Smám saman myndaðist sá siður að börnin kæmu að kennarabörðinu og stæðu þar meðan ég las. Þau komu til að sjá litríkar myndirnar en ekki siður til að lesa með. Flest kunnu þau hluta af kvæðunum utanað og fóru með hluta þeirra upphátt í kór á meðan ég las.

Þetta voru stemningsríkar stundir og þær minnisstæðustu á mínum stutta kennaraferli. Þarna sá ég hversu greiða

leið skáldin geta átt að ungum hjörtum. Það var engin að þína börnin til að læra kvæðin utanað, þau tóku sjálf upp á því og fannst það alveg óskaplega gaman. Þórarinn var þeirra skáld.

Pórarinn Eldjárn fékk á dögunum sögusteininn

eða **Ibby-verðlaunin** og var mál til komið. Fyrirfram hefði maður reiknað með því að hann hefði hlotið þau fyrir mörgum árum, en verðlaunin eru veitt rithöfundum, myndlistarmanni eða þýðanda sem hefur auðgað íslenskar barnabókmenntir. Svo sannarlega hefur **Pórarinn Eldjárn** fært ungum lesendum gleði og aukið þekkingu þeirra með sínum góðu verkum. Þegar kemur að því að leika með orð þá er hann sannur töframaður sem virðist geta allt. Orð leika í höndum hans, hann finnur stöðugt í þeim óvænta og snjalla merkingu og raðar þeim saman af einstakri hugmyndaauðgi. Hann var sannarlega alveg rétti maðurinn til að þýða **Lísu í Undralandi**, sem er einmitt bók full af furðulegum og snjöllum orðum og svo bráðskemmtileg að maður kemst í sólskinsskap við lesturinn.

Pórarinn Eldjárn er ekki líklegur til að gleyma ungum lesendum sínum og vonandi færir hann þeim fljótlega nýja bók og ný kvæði.



Pórarinn endurorti Hávamál fyrir börn.

SÆNSKA SKÁLDKONAN VIVECA STEN ER HÖFUNDUR SPENNUSÖGUNNAR SVIKALOGNS, SEM HEFUR FENGIÐ GÓÐAR VIÐTÖKUR.

Svikalogn er nýútkomin glæpasaga eftir sænsku skáldkonuna **Vivecu Sten**. Sten starfaði sem lögfræðingur og hafði skrifað nokkrar bækur lagalegs eðlis þegar hún ákvað skyndilega að skrifa glæpasögu. „Ég er lögfræðingur og það hentar mér ágætlega að skrifa glæpasögur því bygging þeirra þarf að vera rökrétt, það þarf að vera trúverðug ástæða fyrir morði og svo þarf að hnýta lausa enda í lokin,“ segir hún. „Þetta á ekki að vera erfitt fyrir manneskju sem hugsar á lögfræðilegum nótum.“

Svikalogn er fyrsta bókin í röð glæpasagna sem gerast á eyjunni Sandhamn þar sem Sten á sumarhús. Bókin hefst á líkfundi í fjöru. „Ég dvaldi í sumarhúsinu okkar og var á gangi á ströndinni og þá sá ég fyrir mér lík á ströndinni flækt í net,“ segir Sten. „Ég fór heim og skrifaði fyrsta og síðasta kafla bókarrinnar. Þannig hófust glæpasagnaskrif mín. Svo hélt ég áfram og þegar ég hafði lokið við handritið sagði maðurinn minn mér að ég yrði að senda það til útgefenda því það væri gott. Ég gerði það og bókin kom út árið 2008.“

Bækurnar eru orðnar fimm talsins og sjötta bókin kemur út í Svíþjóð í vor. Þær hafa selst mjög vel og komið út í fjölda landa. Sjónvarpsþáttaröð hefur verið gerð eftir fyrstu þremur bókunum og þar kom Sten að handritagerðinni og henni brá einnig fyrir í myndunum.

Velgengi bókanna hefur orðið til þess að Sten hefur að mestu hætt lögfræðistörfum. „Ég var í erilsamri vinnu með þrjú börn og var að reyna að skrifa og ég hugsaði með mér: Ég verð stundum að fá að sofa! Fyrir einu og hálfu ári hætti ég lögfræðistörfum og vinn nú að mestu við ritstörf en kenni líka dálítið og sit í nokkrum nefndum. Ég nýt þess að vera rithöfundur. Ég hefði aldrei getað ímyndað mér að nokkurt starf gæti verið svona skemmtilegt.“



Morgunblaðið/Kristinn

Viveca Sten: Ég get ekki drepit alla íbúana þannig að stundum drep ég ferðamenn!

Gerast allar spennusögurnar í þessari seríu á Sandhamn?

„Þær byrja venjulega þar eða enda þar, en ég skrifa einnig um aðra staði. Það eru einungis 110 íbúar á eyjunni á veturna og 3.000 eiga þar sumarhús og búa þar á sumrin. Ég get ekki drepit alla íbúana þannig að stundum drep ég ferðamenn! Ég reyni líka að breikka sögu sviðið og sjötta bókin sem kemur út í maí gerist að miklu leyti í Stokkholmi.“

Hvað finnst íbúum eyjarinnar um lýsingar þínar á eyjunni og íbúunum?

„Ég skrifa af hlýju um eyjuna og fólkið sem þar býr. Ég reyni að miðla ást minni á þessu svæði til lesenda. Íbúarnir finna að mér stendur ekki á sama um eyjuna og þá sem þar búa.“

Ég gæti mín líka vandlega á því að fara rétt með staðreyndir og vinn mikla rannsóknarvinnu. Eyjarskeggjar kunna að meta það.“

Aðalpersónurnar eru tvær, karl og kona, Thomas og Nóra, sem eru vinir. Af hverju tvær aðalpersónur, karl og kona?

„Mér finnst gaman að geta bæði lýst sjónarhorni karls og konu. Ég vildi ekki að aðalpersónurnar væru elskendur heldur að á milli þeirra ríkti hlý vinátta.“

Bækurnar hafa komið út í mörgum löndum og það er áhugavert að í sumum löndum er Nóra talin vera aðalpersónan en í öðrum löndum Thomas. Á Spáni er Nóra til dæmis talin vera aðalpersónan en í Þýskalandi er Thomas álitinn aðalpersónan. Mér þykja þessi mismunandi viðhorf til persónanna mjög áhugaverð.“

Í UPPÁHALDI

EGILL ÖRN JÓHANNSSON FORMAÐUR FÉLAGS ÍSLENSKRA BÓKAÚTGEFENDA

Órjúfanlegur hluti af heimilislífi hjá foreldrum mínum og ömmu og afa var að vera umkringdur bókum, bókastöflum og handritum. Mér fannst það bara eðlilegt og finnst það enn. Ég las óskaplega mikið sem barn og upphaldsbækurnar voru **Fimm bækurnar** og **Ævintýrabækurnar** eftir **Enid Blyton** og allar bækur **Guðrúnar Helgadóttur**. Ég er enn hrifinn af hefðbundnum barnabókum eins og þeim sem hrifu mig í æsku.

Ég veit ekki af hverju en um daginn fór bókin **Ég lifi** eftir **Martin Grey** að kalla á mig. Íðunn gaf bókina upphaflega út árið 1978 en hún fjallar um gyðing sem endar í Auschwitz þar sem hann missir fjölskyldu sína. Sjálfur kemst hann lífs af, giftist aftur og



Morgunblaðið/Kristinn

Egill Örn hefur áhuga á alls konar bókum.

eignast fjölskyldu en missir hana síðan í eldsvoða. Þessi bók sat í mér árum saman enda er hún óskaplega dramatísk. Öðru hvoru verður hún mér ljóslifandi og það gerðist einmitt um daginn. **Ég lifi** er ein af þeim bókum sem hefur haft hvað mest áhrif á mig.

Ég las einnig um daginn bókina **Hvítfeld** eftir **Kristínu Eiríksdóttur**, sem kom út fyrir jólin, og hún hafði mikil áhrif á mig og sat lengi í mér og situr í raun enn. Það er bók sem er óhætt að mæla með við hvern sem er.

Áhugi minn á bókum er annars mjög fjölbreyttur. Stundum hef ég áhuga á ákveðinni tegund bóka og svo allt annarri. Það fer eftir því hvernig liggur á mér í hvert sinn hvernig bók ég grip í. Það er nú einn kosturinn við bóklesturinn að maður getur gripið niður í nánast hvað sem er hvenær sem er, eftir því hvað höfðar til manns hverju sinni. Þessa dagana hef ég meðal annars verið að lesa í **Ævintýraeyjunni** eftir **Ármann Þorvaldsson** þar sem hann gerir upp árin sem hann starfaði hjá Kaupþingi, þar sem hann var meðal yfirmanna árum saman og þekkir því afar vel til. Það er um margt fróðleg og spennandi lesning.